



Árið 1985 kom út hjá Universitetsforlaginu í Noregi bókin „Norske Islandsfiskere på havet“ eftir Kari Shetelig Hovland. Bókin fjallar, eins og nafnið ber með sér, um fiskveiðar Norðmanna á Íslandsmiðum og tekur til tímabilsins 1900-1939.

Áð sjálfsögðu eru síldveiðarnar fyrirferðamestar í umfjöllun höfundar og Siglufjörður skipar stóran sess. Nokkuð ítarlega er fjallað um þorskveiðar (línuveiðar) Norðmanna og kemur m.a. fram að árið 1933 voru flutt til Noregs af Íslandsmiðum 6.712.000 kg. af saltfiski. Einnig kemur fram að á tímabili var allnokkuð flutt af lifandi fiski (þorski í kórum) til Noregs og þaðan áfram á markað á meginlandinu eða til vinnslu þar.

Sannast hér enn hið fornkvæða að ekkert er nýtt undir sólinni.

Eins og áður segir fjallar bókin um síldveiðarnar á ítarlegan hátt og er víða leitað fanga í prentuðum og óprentuðum heimildum bæði í Noregi og hér á landi. Höfundur hefur einnig rætt við fjölda manna, flesta í Noregi en meðal heimildarmanna eru einnig Elísabet og Sigrún Bjarnadætur í Bolungarvík sem ungar störfuðu á Siglufirði, Jóhann Skagfjörð, Snorri Stefánsson, Garðar Júlíusson (Akureyri), Karl Sigurdsson (Hjalteyri) o.fl. Sigurjón heitinn Sigtryggsson

# Norðmenn á Siglufirði

vann einnig með höfundi að heimildaöflun og hún átti gott atlati í Bókasafninu þar sem hún vann töluvert að öflun gagna. Bókin er forvitnileg og fróðleg aflestrar þótt tæpast verði um hana sagt að hún sé skemmtileg eða létt. Gríðarlegar upplýsingar eru í henni að finna um framgang veiða og vinnslu, t.d. er ítarlega fjallað um fyrstu bræðslu- og gúanófabrikkurnar, þróun síldarsöltunar og veiðiaðferða.

Höfundur fjallar um líf og störf síldarsjómannanna og samskipti þeirra og Siglufirðinga sem auðvitað voru mikil. Bókin er full af nöfnum Norðmanna sem Siglufirðingum eru vel kunn, s.s. *Ole Tynes, Knut Sæther, Hans Søbstad, Edvin Jakobsen, Johan Hardei, Peder Næss, Lars og Harald Mannes, Buvik, Bakkevik, Evanger* o.fl. o.fl.

Vertiðin hjá Norðmönnum sem flestir voru frá Haugasundi og Karmey stóð um 2-3 mánuði. Aðbúnaður gat verið slæmur og vinnan erfið. Hins vegar áttu sjómennirnir frí um helgar sem Siglufirðingum fannst undarlegt fyrirkomulag. Þá fylltist Siglufjörður af skipum og þúsundir manna ráfuðu um götur þessa örlita þorps á Þormóðseyri án þess að hafa nokkuð við að vera. Að vonum gekk á ýmsu og í blaðagrein í Bergens Tidende 1911 segir að Siglufjörður sé „lasternes arnsted“ og áfram að höfundur hafi orðið vitni að „avskyelige optrin, da brændevinsflaskerne knustes i modstanderens ansigt, hvorefter flaskehalsene benyttedes til slåhanske, og omtrent hver eneste

vindusrute i et hus ble utslåt. Jeg skammed mig over at være nordmand.“ Bæði Norðmenn og Íslendingar sáu ljóslega að leita varð úr-ræða til að gera sjómönnunum lífið bærilegra á hvíldartíma sínum. Þar eru til nefndir sérlega til sögu Helgi Guðmundsson læknir, Guðmundur Hallgrímsson læknir og Hafliði Guðmundsson hreppstjóri auk norskra sjómannspresta sem lögðu leið sína til Siglufjarðar. En það var Sjur Espeland frá „Innra sjómannatrúboðinu“ sem lét verkin tala og beitti sér fyrir byggingu og stofnun Norska Sjómannaheimilisins sem tekið var í notkun sunnudaginn 12. sept. 1915. Sagan af þessu framtaki Sjurs Espeland hefur verið ágætlega skráð af Kristni Halldórssyni í sögu Siglufjarðar og vísast hér til þess.

Þrátt fyrir erfiði, fjarvistir og

hættur sóttu menn í síldina og þá „lastabælið“ Siglufjörð. Í bókinni getur höfundurinn þeirra dæma að menn hafi verið á síld hvert einasta sumar í 20-30 ár. Pæder Næss var t.d. 33 vertiðir við Ísland. Sama mátti segja um skipin, þau komu ár eftir ár. Eldri Siglufirðingar og sjómenn kannast við nöfn eins og „Seir“, „Notmann“, „Jarnbarden“, „Svalbard“, „Íslædingen“, „Gisköy“ o.fl. o.fl.

Bókin „Norske Islandsfiskere på havet“ er áhugaverð fyrir alla þá sem hafa áhuga á sögu Siglufjarðar og sögu síldveiða og síldarvinnslu. Hún fjallar ítarlega um upphaf þessa atvinnuvegar og ennfremur vöxt og viðgang Siglufjarðar í upphafi aldarinnar. Hún sýnir okkur einnig hina hliðina, þ.e. hvernig Norðmenn sáu og upplifðu síldarævintýrið og höfuðstað síldveiðanna, Siglufjörð.

## Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs:

Hótel Lækur, Siglufirði

Knattborðsstofan „Billa-Grill“, Siglufirði

Íslandsbanki, Siglufirði

Netagerðin hf., Siglufirði

Pólar hf., Siglufirði

Ragnar Guðmundsson, Siglufirði

Siglufirðingur, Siglufirði

Siglósport, Siglufirði

Tunnan, prentþjónusta, Siglufirði

Þormóður rammi, Siglufirði

Endurskoðendur ehf., Þórsögðu 26, Reykjavík

Sverrir Björnsson, ökukennari, Reykjavík

Ævar Friðriksson, ökukennari, Reykjavík

Óttar Bjarnason, bakameistari, Sauðárkróki